

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1922.

Samningur milli póststjórnarinnar á Íslandi og póststjórnarinnar í Noregi, auglýstur af atvinnu- og samgöngumálaráðherranum 7. septbr. 1922.

Tilskipun um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, undirskrifuð af konungi 20. nóvbr. 1922.

Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1923, undirskrifað af konungi 13. desbr. 1922.

Konungsbrjef um setning Alþingis, undirskrifað af konungi s. d.

Bráðabirgðalög um skiftimynt úr eirnikkel, undirskrifuð af konungi 2. nóvbr. 1922.

Auglýsing um samning milli Danmerkur og Íslands um að hvort ríkjanna skuli veita nauðstöddum sjómönnum hins hjálp í einstökum tilfellum, undirskrifuð af atvinnu- og samgöngumálaráðherranum 28. desbr. 1922.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1923.

Auglýsing um breyting á 5. og 15. gr. reglugjörðar nr. 67, 11. nóvbr. 1905, fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri, undirskrifuð af dóms- og kirkjumálaráðherranum 14. mars 1923.

Lög um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af konungi 26. mars 1923.

Auglýsing um breyting á prófreglugjörð fyrir lærdómsdeild Hins almenna mentaskóla í Reykjavík frá 20. maí 1910, undirskrifuð af dóms- og kirkjumálaráðherranum 5. apríl 1923.

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra um varnir gegn sullaveiki. 1 21. mars

Með því að fullvíst er, að ákvæðum 5. og 6. gr. laga nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl., mun eigi sá gaumur gefinn af hlutaðeigendum sem skyldi að því er snertir varnir gegn sullaveiki, skal hjermeð lagt fyrir yður, herra sýslumaður, að ganga ríkt eftir því við hjeradsstjórnir í umdæmi yðar, að þær sjái um, að ákvæðum tjeðra laga sje í þessu efni vandlega og samviskusamlega framfylgt, eigi síður að því er snertir alla varúð með sulli úr húsdýrum, sjerstaklega lungna- og lifrarsulli, en að því er snertir hreinsun hunda af bandormum.